Að hugsa upp á nýtt - eldra fólk og fjölskyldan

Sjónaukinn 2023: Horft til framtíðar - fólk og fjölskyldur í fyrirrúmi.

Árleg ráðstefna Heilbrigðis-, viðskipta og raunvísindasviðs Háskólans á Akureyri, haldin í Háskólanum á Akureyri og í streymi dagana 16.-17. maí.

Halldór S. Guðmundsson,
dósent við Félagsráðgjafardeild HÍ og
fv. framkvæmdarstjóri Öldrunarheimila Akureyrar.

1

Efnið í stuttu máli - *Eldra fólk og fjölskyldan*

- Varpa upp svipmyndum um stöðu, þróun og framtíð
- Ræða viðhorf og væntingar – alþjóðlegar, heimspekilegar, tilvistarlegar
- Reifa sjónarhorn um efri árin
- Fjölskyldur, kynslóðir, umönnun og stuðningshefðir
- Hvert stefnir og hverju þarf eða viljum við breyta
- Vekja til umhugsunar – hvað við sjálf viljum – þurfum ?
- Móta nútíð og framtíðina
- Að hluta byggt á vinnu við stefnuvinnu fyrir heilbrigðisráðuneytið:
  - *Virðing og reisn. Samþætt heilbrigðis og félagsþjónusta fyrir eldra fólk. 2021*
  - *Aðgerðaáætlun afgreidd á Alþingi 10. maí 2023.*

2

Kínversk heimspeki – Confusius (500 f.K)

1. Áhersla á öldrun og ábyrgð milli kynslóða
2. Rækta börnin, rækta dyggðir og félagsleg sátt
3. Æðruleysi, skyldur og virðing barna fyrir forfeðrum og mæðrum. Nær út fyrir fjölskylduna og til samfélagsins
4. Virðing fyrir eldra fólki – öldungum. Viska og reynsla og leiðsögn er auðlind
5. Erum innbyrðis háð, kynslóðir hafa gagnkvæm hlutverk til almannaheilla. Miðla visku og styðja.
6. Siðferði og ræktun dyggða. Sjálfsrækt, velvild, réttlæti og virðing.
7. Ábyrgð og skylda við komandi kynslóðir. Menning og umhverfisvernd. Stuðla að stöðugleika

GEIR SIGURÐSSON (2023). EARLY CONFUCIAN PHILOSOPHY ON AGING AND INTERGENERATIONAL RESPONSIBILITY. ÓBIRT GREIN.

CHATGDP (15. MAÍ). THEME: GIVE A SUMMARY OF VIEWS OF CONFUSIAN ON AGEING AND INTERGENERATIONAL RESOPNSIBILITY

3

Fjölgunin á landinu öllu eftir aldurshópum til 2060



4



Yfir fjórðungur íbúa eldri en 65 ára, frá árinu 2057

Samkvæmt spánni verða yfir 20% af heildarmannfjölda eldri en 65 ára árið 2039 og yfir 25% árið 2057. Frá árinu 2047 verða þeir sem eru eldri en 65 ára í fyrsta sinni fjölmennari en þeir sem eru yngri en tvítugir.

5

Af hverju fjölskyldu sjónarhorn vegna eldra fólks ?

- Eldri íbúum fjölgar
- Vaxandi áhyggjur á heimsvísu af styrkleikum ummönnunar-kerfanna til að styðja eldra fólk
- Breytingar á skipan og samsetningu fjölskyldna, nú þegar kemur að umönnun „baby-boom“ eftirstríðskynslóðar (55+)
- Fjöl- kynslóða fjölskyldur
- Óvissa með áreiðanleika og varanleika í tengslum milli kynslóða
  - lækkani fæðingartíðni, aukin skilnaðatíðni, ný hjónabönd og stjúpfjölskyldur
  - Skyldleiki – tengsl, verða margbreytileg og mögulega óvissa um skuldbindingu vegna umönnunar eldra fólks (fjölskyldunnar)
  - Umönnunaraðilar verða eldri og móttakendur líka eldri

6

Öldrun í alþjóðlegu samhengi og helstu áskoranir

- Viðhorf, væntingar og hegðun - þátttaka
- Mannfjöldaþróun
- Forysta og skipulag á vettvangi ríkis og sveitarfélaga
- Samþættingu þjónustu
- Tækni, nýsköpun, rannsóknum og þróun,
- Mannauður
- Fjármögnun

7

Grunngildi áratugar heilbrigðrar öldrunar

- ***Gangkvæm tengsl*** (interdependence)
  - Samofin og óskipt
  - Allir taldir með
  - Fjölfaglegt samstarf og þekkingarmiðlun
- ***Almenn og algild réttindi*** (universality)
  - Algild og á heimsvísu
  - Mannréttindi
  - Jafnrétti kynja og valdefling kvenna
  - Án mismununar
- ***Samstaða*** (solidarity)
  - Allir með, engin útundan
  - Réttsýni
  - Samstaða milli kynslóða
  - Skuldbinding
  - Ekki skaða

Halldór S. Guðmundsson

8

Öldrun og gagnkvæm ábyrgð kynslóðanna

- Gagnkvæm framfærsluskylda – hjóna – ekki barna með foreldrum
- Framfærsluskylda foreldra með börnum –til 18 ára
- Tilfinningleg skylda – (tilfinningaskyld – láta vita, fylgjast með)
- Fjölskylduna – blóð-skyldur
- Kærleikur, þakklæti, virðing, traust, endurgjald
- Sjálfstæði og sjálfræði – styðja og hvetja

9

Fjölskyldan og öldrun – í upphafi nýrrar aldar

- Breytingar
- Fjölbreytileiki í fjölskyldugerð og heimilisgerðum
- Margbreytileiki – líka þegar kemur að tilfinningalegum samskiptum
- Innbyrðis háð – en ný og óviss fjölskylduhlutverk og verkefni
- Tæknivæðing – hlutverka og samskipta

10

Nýverið á spjallrásum um öldrunarmál

Kanada: https://www.niageing.ca/long-term-care-insurance

- Áhyggjur um að yngra fólk (börnin) þurfi að aðstoða foreldra á lífeyrisaldri til að koma sér fyrir - á sama tíma og þau eru að stofna eigin heimili
- Ákall eftir opinberu lífeyriskerfi skv. nýrri skýrslu. Sérstaklega fyrir langtíma umönnun - líkt og stuðning og hjúkrun heima og á hjúkrunarheimilum.
- Skýring – hækkandi lífaldur er að raska fjárhags – og lífeyris planinu.
- „17 ár eru við góða heilsu – það eru góðar fréttir. En síðustu 5 árin er þau sem eldra fólk þarf sérstaka aðstoð – eins og opinbert félags- og heilbrigðiskerfi“ (dr. Samir Sinha)

11

Samstaða og tvíræðni

- Togstreita milli eldri barna – foreldra (samloka)
  - Viðmiða um samstöðu og skyldur
  - Væntinga foreldra um sjálfstæði barna
- Tog og tos barna – umönnunaraðila
  - Tvíræðni gagnvart eldri foreldrum sem þurfa stuðning
  - Hlutverkaskiptin við umönnun (foreldri/barn/ umönnun)
- Átök um kröfur vinnumarkaðar – og umönnunar
- 3 eða 4 vaktin ? Tog innan heimilis

12

Samloku-kynslóðin

- 55-64 ára - miðaldra umönnunaraðilar,
- sem hafa umönnunar og stuðningshlutverk gagnvart börnum sínum,
- Annast barnagæslu barnabarna og
- umönnun aldraðra foreldra
- Í USA er helmingur þeirra sem eru á fimmtugs og sextugs aldri sinna umönnun og fjárhagslegum stuðningi við bæði foreldra og börn

13

Kjarnafjölskyldur

Fjöldi kjarnafjölskyldna eftir fjölskyldugerð



14

Formleg og óformleg þjónusta/stuðningur (service) - umönnun (care)

Formleg / opinber

- Veitt af ríki, sveitarfélagi
- Fest í lög og reglur
- Yfirleitt greitt fyrir af notanda eða opinberum aðila

Óformleg

- Veitt af fjölskyldu, maka, börnum og nágrönnum - sjálfboðaliðum
- Ólaunuð - yfirleitt
- Veitt á öðrum forsendum en opinber
- Ekki alltaf skipulögð
- Stundum óskýrt hvað er aðstoð eða sjálfsögð samvinna í fjölskyldu

15



16

Viðmið (norm) um skyldu til umönnunar foreldra /EVS

JFR – Journal of Family Research, 2023, Vol. 35, 196-211 doi: 10.20377/jfr-854

Hess, M., Wiebke Schmitz, Laura Naegele, & Philipp Stiemke. (2023). You will take care of me when I am old: Norms on children's caregiver obligations - An analysis with data from the European Values Study. *Journal of Family Research, 35*, 196–211. https://doi.org/10.20377/jfr-854

- Norðurlöndin / Vestur Evrópa eru minna sammála því að börn beri ábyrgð á að annast um foreldra sína
- Frekar sammála eru þeir sem eru trúaðir, án atvinnu, minni menntun, slakari heilsa, karlar frekar en konur
- 40-59 ára, við góða heilsu, í vinnu, í sambúð/gift og eiga born – síður líklegri til að vænta umönnunar barna
- Áhrif meiri atvinnuþátttöku kvenna á lægra meðatal

Figure 2: Mean values for norms on care obligation by country (n=35)



17

Viðbrögð til að sinna umönnun

- Fjölskyldan
- Nýta tæknina
- Aðrir : flytja inn verkafólk í umönnun (Japan/Sviss/Usa/Evrópa..)
  - Konur í láglaunastörfum, vakta og lotuvinna
- Vinnusamfélag – í stað fjölskyldunnar !
- Vekur spurningar um
  - Áhugamálin
  - Vanann
  - Lífsinntakið
  - Mennskuna og samfélagið

18

Íslenskar rannsóknir á óformlegri þjónustu

dr. Sigurveig H. Sigurðardóttir

- Hverjir veita óformlegu þjónustuna – umönnunina
- Eru hjálpar og stuðningsaðili
  - Maki 38%
    - Oftar karlar
  - Ættingi 44%
    - Oftar konur
      - Dætur
- Óformleg - Mikilvægur þáttur í að styðja eldra fólk við að búa heima
- Eldra fólk veitir líka aðstoð + samskipti kynslóða
  - Kynslóðastuðningur er meira tilfinninga- og félagslegur en hagnýtur

19

Sigurveig H. Sigurðardóttir (2006).
Viðhorf eldra fólks. Rannsókn á viðhorfi og vilja aldraðra sem búa í heimahúsum.



20

Nýlegri viðhorf og umræða til og meðal eldra fólks

Úr leik – starfslok – skammast sín fyrir aldur	Auðlind – eða til vansa	Eiga einhvern veginn ekki sæti við borðið – samfélagsborðið
Eldra fólk og fjölskyldan er hornsteinn – hornreka	Eru eða eiga að vera til hliðar – vs. taka stöðu	Viðhorf eldra fólks til öldrunar – fordómar þar líka

21

Stuðning og umönnunarhlutverk – yngri kynslóðar

- Hlutverk – hlutverkaskipti, veita í stað að fá
- Upplifa sig sem aðstoðarmann við umönnun-stuðning
- Mæður upplifa sig oftar í umönnunarhlutverki
- Umönnunarþegi – er samþykktur af yngra fólki vegna veikinda sinna
- Verkefnin – athafnir daglegs lífs, skiptast í
  - IADL – aðstoð við almennar daglegar athafnir (elda, þríf, skutla, þvo, fjármál)
  - PADL – persónulegar athafnir (hreinlæti, klæðnað, matast, salerni)
- Mikilvægasti hjálparaðilinn = fjölskyldan

22

Íslenskar og erlendar rannsóknir, benda á

Áhrif umönnunar	Viðhorf til formlegrar þjónustu	Stuðningur við aðstandendur
• Álag / streita, andleg áhrif, binding, tengsl milli systkina	• Áhrif þjónustunnar sem foreldri fær • Samskiptaleysi (formlega við óformlega)	• Ábendingar um stuðning – við umönnunaraðila • Bæta sveigjanleika – viðbragð • Heildrænna kerfi – fræðsla og upplýsingar • Hópastarf

23

Jákvæð áhrif umönnunar

- Viðurkenning, endurgjöf og skilningur frá foreldri og öðrum
- Þakklæti, tilgangur, persónulegur – andlegur þroski
- Jákvæðni, samkennd
- Styrkir systkinatengsl
- Kærleikur, vinsemd og hlýja í garð foreldra

D'Amen, B., Socci, M. & Santini, S. Intergenerational caring: a systematic literature review on young and young adult caregivers of older people. *BMC Geriatr* **21**, 105 (2021). https://doi.org/10.1186/s12877-020-01976-z

Sheng, X., & Settles, B. H. (2016). Intergenerational Relationships and Elderly Care in China. *Current Sociology, 54(2), 293-313. https://doi.org/10.1177/0011392106056747*

Margrét Einarsdóttir. (2020). Stuðningur við aðstandendur. Reynsla uppkominna barna af umönnun foreldra. https://skemman.is/bitstream/1946/37271/4/Lokaskjal.pdf

24

Framtíðarsýn - áhrifaþættir

- Lengra líf og aukin virkni
- Fleiri kynslóðir samferða
- Frjósemi lækkandi – færri í hverri fjölsk. / hverri kynslóð
- Skilnaðartíðni, fjölskyldugerðir, fjöl-gerðir, óviss tengsl og blóðtengsl, menningin
- Hnattvæðing - fjarverur
- Tengsl fjölskyldna verði enn frekar gagnkvæm – samhverf, innbyrðis háð
- Tækiþróun og breytingar, ögrar hefðbundum fjölsk. samskiptum
- Ábyrgðin og umönnun gagnvart eldri ættingjum – fjölskyldumeðlimum
  - Hver hefur skylduna, hver ræktar hana ?
  - Hvernig ræktaði / ræktar eldra fólkið – grunninn/börnin?

25

Framtíð og viðfangsefnin

- Álag á umönnunaraðila og á heilsu þeirra
- Skortur á meðvitund um vægi umönnunar og vaxandi framboð á tækni og stoðþjónustu
- Efnahagslegur þýstingur – milli kynslóða
- Krafa um samhæfingu umönnunar og kerfa
- Eldra fólk og yngra fólk
  - sem virkur þátttakandi – skapandi og sem umönnunaraðili í samfélaginu
  - viðurkenna gagnkvæmar skyldur og hlutverk

26

Trans-human / véla-manneskjur

- Tækin yfirtekur stóran hluta dagslegs lífs
- Hvað gerum við í dag án aðstoð tækninnar – er tilveran vélræn ?
- Hvert er tilefni/hvati aðstoðar – af því fjölskylda, maki?
- Snýst um verkefnið eða um grunn viðhorf þess sem veitir eða þiggur ?

27

Einmanaleiki – ekki faraldur meðal eldra fólks

- Í opinberri umræðu og fjölmiðlum hefur því verið haldið fram að nú sé „einmanaleikafaraldur“ í vestrænum samfélögum.
- Hollensk rannsókn á um 5000 manns, 55 ára og eldra á árunum 1992-2016
  - Eldri fullorðnir í síðar fæddum árgöngum er minna einmana.
  - Hins vegar eykst einmanaleiki með hækkandi aldri 75 -95
  - Samt engar vísbendingar um einmanaleika-faraldur
  - Eigin geta og sjálfstæði, lykilatriði til að skilja einmanaleika í nútíma samfélagi

• Suanet, B., & van Tilburg, T. G. (2019). Loneliness declines across birth cohorts: The impact of mastery and self-efficacy. *Psychology and aging*, *34*(8), 1134–1143. https://doi.org/10.1037/pag0000357

28

Félagsleg einangrun og einmanleiki

Þrír flokkar/týpur.



Mynd: Heimild: National Institute on Ageing. (2022). *Understanding Social Isolation and Loneliness Among Older Canadians and How to Address It. . National Institute on Ageing. https://static1.squarespace.com/static/5c2fa7b03917eed9b5a436d8/t/637628e674654241f5624512/1668688106493/Social+Isolation+Report+-+FINAL2.pdf*

29

Cíceró – Um ellina (100 f K)

- Í stuttu máli.
- Skoðanir Cicero á öldrun fólu í sér viðurkenningu á ***náttúrulegu*** ferli líkamlegrar hnignunar á sama tíma og hann gerði sér grein fyrir vitsmunalegum vexti, visku og siðferðilegu eðli sem hægt er að rækta á gamals aldri.
- Hann lagði áherslu á mikilvægi þess að tileinka sér tækifærin til vitsmunalegrar þátttöku, rækta innri dyggðir, finna ánægju og skilja eftir sig jákvæða arfleifð til komandi kynslóða.

Cíceró, Marcús Túllíus 1982. Um ellina. Þýð. Kjartan Ragnars. Inngangur og skýringar, Eyjólfur Kolbeins. Hið íslenzka bókmenntafélag, Lærdómsrit Bókmenntafélagsins, Reykjavík.
ChatGDP (15. maí). Theme: Summary of cicero about ageing.

30

Væntingar um hlutverk og samskipti kynslóðanna / fjölskyldunnar

- Hvers væntum við af börnum okkar?
- Viljum við vera í hlutlausum gír, eiga rétt á afslætti, stuðningi og vernd?
- Væntingar, fordómar eða ómeðvitaðar kröfur?
- Hreyfanleiki, án skuldbindinga - við heimili og uppeldi?
- Laus við umönnun eigin foreldra? Hvað gerist svo þegar við verðum elsta kynslóðin?
- Hver ákvað frí-réttinn – frá vinnu og skyldum? Við
- Hver ákveður skyldurnar og rækun þeirra ? Við
- Lífshamingja – í hverju liggur hún? Aðgerða-, skuldbinding-, þátttöku-, hreyfingar-, ábyrgðar - leysi?

31

Núið og framtíð – kannski gömul ný sýn

- Stefnumótið við framtíðina felur ekki í sér ógnanir vegna efri ára eða ógn vegna fjölgun eldra fólks
- Miklu frekar, að á næstu áratugum skapast stórkostlegt tækifæri - stækkandi auðlind eldra fólks sem auðgar samfélagið og velferðarþjónustuna (óformlega og formlega).
- Umræðan þarf að yfirgefa viðhorf skorts- og skerðinga og veðja á samfélag á grundvelli ábyrgðar, skyldu, samhjálpar, virðingar, gæða og getu.
- Leiðin liggur í gegnum samtal kynslóðanna, fjölskyldunnar og samfélagsins um arfleifðina, gagnkvæma ábyrgð og skyldur, og hlutverkið um að miðla og styðja
- Það eru tækifæri til að endurskapa eldri og þekktar leiðir – bæði fyrir yngra og eldra fólkið - og fjölskylduna
- Til þess þarf að VIRKJA samtal og samstarf kynslóðanna !

17.5.2023

32

- Takk fyrir

Myndatexti – H 4/5 ára.

„Langafi – viltu heyra geðveikt flott lag“

33